

Velferðarnefnd Alþingis  
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2015

**Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu um almannatryggingar nr. 100/2007, mál 322 á 144. löggjafarþingi.**

Bandalag háskólamanna bendir á að í sérákvæði um tryggingarvernd er aðeins gert ráð fyrir því að trygging gildi í fimm ár, þrátt fyrir að stundað sé viðurkennt nám erlendis. Námsmenn sem fara erlendis að lokinni grunnháskólagráðu á Íslandi geta hæglega fallið utan við þessi tímamörk, leggi þeir stund á doktorsnám. Námsmenn sem velja að taka allt sitt nám erlendis, t.d. vegna þess að sambærilegt nám er ekki í boði á Íslandi falla einnig utan þessa tímaramma. BHM leggur til að trygging sé til staðar fyrir námsmenn í viðurkenndu námi allt að 10 ár.

Í ákvæði um staðsetningu Tryggingarstofnunar og þjónustustöðva hennar kemur fram að ráðherra hafi ákvörðunarvald um slíkar ákvarðanir. BHM hefur enga afstöðu til þess hvar starfsstöðvar hins opinbera eru staðsettar en leggur áherslu á að slík ákvörðun sé ekki háð geðþóttamati ráðherra, heldur séu ákveðnar með hagsmuni starfsseminnar í huga og að flutningur starfa komi ekki niður á þeirri þjónustu sem á að veita. Rétt er að beita fyllsta aðhalds í ríkisrekstri en að ráðherra geti ákveðið að sameina þjónustumiðstöðvar upp á sitt einsdæmi fer í bága við það að forstjóri stofnunarinnar beri ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og að hún starfi í samræmi við fjárlög. Slík ákvörðun á að vera á valdsviði forstjóra sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri.

Virðingarfyllst,



Páll Halldórsson,  
formaður.